



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGÓÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Miðstöð PMT/SMT flytur úr Hafnarfirði
- PALS
- Danske elever på besög
- Rafvespur
- Lesum heima
- Vetrarfrí
- Fagstjórn
- Útivistartími 1. sept
- Matur

GÓÐI segir:



Hver skyldi nú skora fyrsta markið á nýja sparkvellinginum okkar ?

HJÁLPSEMI OG SAMKENND

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Þá er þrettánda starfsár Áslandsskóla komið í fastar skorður.

Við upphaf skólaársins stunda um 540 nemendur nám í Áslandsskóla og þar starfa rétt um 70 starfsmenn.

Starfsmannavelta Áslandsskóla er ekki mikil og við svo heppin að þegar sæti losnar í okkar liði eru margir áhugasamir að ganga til liðs við okkur.

Nokkur hópur nemenda stígur nú sín fyrstu skref í Áslandsskóla, bæði sem nýnemar í fyrsta bekk og einhver hópur í öðrum bekkjardeildum. Allan þennan flotta hóp bjóðum við hjartanlega velkominn í skólasamfélagið okkar hér í Áslandi.

Það hlýtur að vera tilhlökkunarefni að ganga í jafn glæsilegan skóla sem Áslandsskóli sannarlega er. Því er mikilvægt að innra starf hans sé líka glæsilegt og að allir leggi metnað sinn í að svo verði.

Nemendur í 1. bekk eru myndarlegur hópur í skólanum okkar og því ljóst að öll þurfum við að sýna hjálpssemi og samkennd svo aðlögun þeirra að daglegu skólalífi verði með jákvæðum hætti.

Það þurfa allir að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem vellíðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Þá er einnig lykilatriði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

Í Áslandsskóla nýtum við okkur SMT skólafærni. Forráðamenn og nemendur sjá skýr fyrirmæli á veggjum skólans fyrir ákveðin svæði. Þá geta nemendur fengið "fugla" fyrir að sýna jákvæða hegðun í skólastarfinu. Fuglunum er síðan safnað saman í umsjónarbekk nemandans eftir að hann hefur farið með "fuglinn" heim ef hann vill og sýnt forráðamönnum.

Nánar var farið yfir SMT skólafærni í tengslum við skólakynningar í ákveðnum árgöngum og einnig í þessu blaði.

Áslandsskóli er stoltur af SMT starfi sínu en skólinn hefur fengið viðurkenningu

fræðsluráðs Hafnarfjarðar fyrir árangursríka innleiðingu SMT skólafærni. Þá varð Áslandsskóli, fyrstur allra, sjálfstæður SMT skóli. Auk þess fáum við árlega mikið af fag- og áhugafólki, bæði hérlandis og erlendis frá, í heimsókn til okkar þar sem við kynnum SMT starfið okkar.

Húsnæðismál skólans hafa verið í umræðunni um langt skeið. Vonandi fáum við góðar fréttir áður en langt um líður. Fréttir um að framkvæmdir við síðasta hluta skólabyggingarinnar verði hafnar innan skamms.

Við erum bæjaryfirvöldum ákaflega þakklát fyrir þann glæsilega sparkvöll sem nú er að rísa á skólalóðinni, hann verður án efa vel nýttur.

Um leið og ég óska starfsfólki, nemendum og forráðamönnum velfarnaðar á því skólaári sem nú er farið af stað vil ég minna okkur öll á að allir eiga rétt á því að vera þeir sjálfir.

Við þurfum að hugsa vel um hvort annað, bera virðingu hvort fyrir öðru og hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri.

Með óskum um gæfuríkt skólaár
Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

Miðstöð PMT / SMT flytur úr Hafnarfirði

Á haustdögum færðist Miðstöð PMT foreldrafærni frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og er hún í dag hluti af úrræðum Barnaverndarstofu þar sem unnið verður að innleiðingu aðferðarinnar á landsvísu.

Verkefnið hóf göngu sína á Íslandi árið 2000 og hefur verið staðsett á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Parent Management Training – Oregon aðferð /PMTO á rætur sínar að rekja til Eugene í Oregon í Bandaríkjunum. Meðferðarúrræðið er sannprófað með rannsóknum og ætlað foreldrum barna með hegðunarferðleika. Það gengur út á að foreldrar fá í hendur ákveðin verkfæri sem gera þeim kleift að breyta og bæta hegðun barna sinna á heimili og í skóla.

Fjölmargt starfsfólk í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar hefur fengið grunnþjálfun í aðferðinni og allir grunnskólar bæjarins vinna í anda aðferðarinnar sem og um helmingur leikskóla. T.a.m. hafa um 10 starfsmenn Áslandsskóla fengið grunnþjálfun í aðferðinni.

Fyrstu tveir meðferðaraðilarnir í Hafnarfirði luku PMTO meðferðarmenntun í ágúst 2002 og í dag eru meðferðaraðilar starfandi á skólaskrifstofu, félagsþjónustu og heilsugæslu bæjarins.

Alls hafa um 500 foreldrar fengið þjónustu í sveitarfélaginu, ýmist einstaklingslega eða í hóp. Á undanförunum árum hefur Miðstöð PMT-FORELDRAFÆRNI, sem heldur utan um þjónustu á landsvísu, menntað PMTO meðferðaraðila og í dag er aðferðin stunduð af um 40 meðferðaraðilum víða um land.

Þrátt fyrir flutninginn verður verkefnisstjóri PMTO í Hafnarfirði og verður hann staðsettur á Skólaskrifstofu og heldur utan um verkefnið í Hafnarfirði

sem hluti af sérfræðiþjónustu skóla.

Nátengt PMT er síðan SMT-skólafærni sem við þekkjum vel hér í Áslandsskóla. SMT-skólafærni byggir á hugmyndafræði **PMT-FORELDRAFÆRNI**.

Markmið SMT-skólafærni (hafnirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni *Positive Behavior Support/PBS*) er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga, í Oregon í Bandaríkjunum, og er framkvæmd í samráði við þá.

Við í Áslandsskóla byrjuðum á undirbúningi skólaárið 2004-2005 og innleiðingu skömmu síðar. Óhætt er að fullyrða að skólabragur varð betri og aukning á jákvæðri hegðun nemenda.

Starfsfólk Áslandsskóla hefur staðið sig frábærlega í SMT, bæði við innleiðingu og þróun. Þess vegna hefur SMT í Áslandsskóla þroskast með afbrigðum vel og við náð að aðlaga aðferðina að daglegu skólastarfi. Þó við höfum í raun byrjað ári á eftir þeim skólum sem fyrstir hófu innleiðingu og fræðslu varð Áslandsskóli fyrstur hafnirskra skóla sjálfstæður SMT skóli.

Nú gætu sumir haldið að skólustjóri væri að skrifa hér einhverja minningargrein um SMT í Áslandsskóla. Því er öðru nær. SMT er sannarlega komið til að vera hér í skólanum og þróun þess heldur áfram dag hvern. Hér starfa bæði SMT teymi og lausnaleitarteymi(SÁTT) sem funda reglulega. Teymin fá ábendingar frá starfsfólki, foreldrum og

nemendum um hvað mætti betur fara eða óskir um að skoða ákveðin atriði. Það má því til sanns vegar færa að allt skólasamfélagið í Áslandi er í rýnihópi SMT. Nemendur hafa reyndar sér rýnihóp að auki.

Hins vegar verður skólustjóri að viðurkenna að hann horfir með miklum söknuði eftir þeirri miðstöð PMT/SMT sem nú hefur verið færð yfir í Barnaverndarstofu. Miðstöð þessi hefur að mínu mati verið eitt af flaggskipum skólamála í Hafnarfirði og ég hefði gjarnan vilja halda henni hér. Með miðstöð þessari fara einnig frábærir og ötulir forystumenn verkefnisins. Margrét Sigmarsdóttir hefur verið þar í fararbroddi frá upphafi. Það hefur verið magnað að fylgjast með hversu öflug og áráðin Margrét hefur verið við innleiðingu, hvatningu og leiðsögn til skólasamfélagsins. Hvað lengst hefur Margrét notið aðstoðar Eddu Vikar Guðmundsdóttur og Önnu Maríu Frímansdóttur. Síðast bættist Elísa R. Ingólfssdóttir í þennan dugmikla hóp en hún verður einmitt verkefnastjóri SMT í Hafnarfirði og vænti ég mikils af hennar störfum.

Áslandsskóli hefur notið dyggrar leiðsagnar og hvatningu þeirra forystukvenna sem taldar voru hér á undan. Það er ekki síður þeim að þakka hversu vel hefur tekist til með SMT skólafærni hér í skólanum. Ég vil því óska Barnaverndarstofu til hamingju með að hýsa þetta markvissa og metnaðarfulla úrræði.

Að sama skapi færi ég mínar þakkir til frumkvöðla og forystufólks PMT/SMT fyrir að fá að taka þátt í innleiðingunni í Áslandsskóla og Hafnarfirði öllum. Bestu þakkirnar fá þær stöllur, Margrét, Edda Vikar og Anna María fyrir þeirra frábæra framlag í þágu skólastarfs í Hafnarfirði.

Leifur S. Garðarsson, skólustjóri

PALS

Líkt og á síðasta kennsluári vinnum við með PALS í Áslandsskóla.

PALS sem er stytting á *Pör að læra saman (Peer Assisted Learning Strategies Reading Method)* er lestraraðferð sem byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 til 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvor annan við að bæta lesturinn. Þörin nota stigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennarinn fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að PALS lestrarnálgunin ber skjótan og varanlegan árangur og að hún tengist vel allri annarri lestrarkennslu.

MATUR

Sömu matartímar eru í gangi hjá nemendum og á síðasta skólaári. Þau yngstu fara fyrst í mat um kl. 10.50, næsti hópur kemur 11.10 og sá síðasti 11.35.

Sú regla er enn í gildi að þeir sem eru ekki í mataráskrift heldur koma með nesti að heiman borða á efri hæð. Ástæðan er plássleysi í matsal auk þess sem slíkt fyrirkomulag auðveldar utanumhald um hverjir eru í mat og hverjir ekki. Það bar nefnilega á því á síðasta skólaári að einhverjir nemenda "svindluðu" sér í mat í einhver skipti. Það hefur neikvæðar afleiðingar í för með sér þar sem ákveðið magn af mat er eldaður í hvert skipti, með tilliti til þess hve margir eru skráðir.

Þeir sem koma með nesti hafa aðgang að samlokugrilli, örbylgjuofni og heitu vatni á efri hæð.

Gott væri ef foreldrar ræddu heima fyrir um nauðsyn þess að allir gangi snyrtilega frá eftir sig.

RAFVESPUR SKELLINÖÐRUR

Nokkrir nemendur eiga skellinöðrur og koma á þeim í skólann, fleiri nemendur eiga minni vélhjól og rafvespur.

Eigendur hjólanna fylgja í langflestum tilfellum lögum og reglu og gæta varúðar. Vandamál koma upp þegar nemendur fara óvarlega og/eða tækin eru lánuð öðrum nemendum sem kunna lítið á þau, eru hjálmlausir og fara ekki nógu varlega.

- **Algerlega óheimilt er að koma í skólann á ofangreindum farartækjum án þess að nota hjálm eins og lög gera ráð fyrir.**
- **Algerlega óheimilt er að nota þessi farartæki á skólalóðinni, af því getur skapast hætta og slys orðið.**
- **Það er stranglega bannað að fara á þessum farartækjum í íþrótt- og sundtíma. Til þess notum við skólabil.**
- **Nemendur sem koma á þessum tækjum í skólann eiga að leggja þeim í stæði í ysta hólfi bílastæðis, við strætóskýlið. Ekki í stæðin nær skólanum í sama hólfi.**

Það er því miður ekki að ástæðulausu sem við hér í Áslandsskóla höfum haft vaxandi áhyggjur af vélhjólumferðinni og það er von okkar að með samstilltu átaki skólans og heimila getum við haldið þessum málum í öruggum og góðum farvegi.

Rétt er að ítreka að langflestir nemenda standa sig mjög vel í öllu því sem snýr að þessum farartækjum og ber að hrósa þeim fyrir það.

VETRARFRÍ

Vetrarfrí er í Áslandsskóla á haustönn og vorönn, tveir dagar í hvort skipti. Á haustönn er vetrarfrí 24. og 25. október.

Þá daga hlaða nemendur og starfsfólk skólans orkustöðvarnar með leyfi frá skóla.

FAGSTJÓRN

Eftirfarandi kennarar verða fagstjórar á þessu skólaári:

Íslenska

Auður Óskarsdóttir

Danska

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir

Enska

Jenný B. Rúnarsdóttir

Sérkennsla

Sigríður Ósk Pétursdóttir

Stærðfræði

Halldóra Lára Benónýsdóttir

LESUM HEIMA


Lestur byggist á stigskiptri þróun sem hefst á því að börn lesa einfalda texta sem þyngjast smátt og smátt upp í flókið og sérhæft námsefni sem gerir miklar kröfur til lesskilnings.

Grunnurinn að þessari mikilvægu færni er lagður strax í upphafi lestrarnámsins en börn þurfa að lesa jafnt og þétt til að ráða við stigþyngjandi lesefni.

Ef brestir verða í þjálfuninni er hætta á að viðunandi árangur náist ekki.

Mikilvægt er að börn lesi heima daglega ef mögulegt er.

Pótt börn lesi í skólanum er það ekki í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að þau fái nægilega þjálfun. Þess vegna er heimalestur afar mikilvægur.



Danske elever på besøg

Dagana 2.-7. september fengu nemendur í 9. bekk hressa og skemmtilega danska unglinga í heimasókn frá Randers í Danmörku. Unnu nemendur skemmtilegt skólaverkefni en tóku sér samt tíma í að skoða helstu túristastaði suðvesturhornsins eins og höfuðborgina, Gullna hringinn og Bláa Lónið. Einnig var farið á hestbak og baðað sig í sundlaug bæjarins. Gistu þeir dönsku heima hjá þeim íslensku og fengu þannig íslenska heimilissiði og menningu beint í æð.

Nk.mánudag fer 9. bekkur svo í heimsókn til vina sinna í Randers og verða hjá þeim í 5 daga og er tilhlökkunin mikil. Nordplus styrkir þetta verkefni og hægt er að fylgjast með því á heimasíðunni; www.rodgroedmedflode.wordpress.com



AF BREYTTUM ÚTIVISTARTÍMA 1. SEPTEMBER

Þann 1. september breyttist útivistartíminn og börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00.

Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingadeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00.

Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útivistartíma og margir hafa gert það, sérstaklega foreldrar barna í 8. bekk.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útivistartímann. Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin.

Hinsvegar hafa íþróttafélög og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æfátíðari. Þó eru félagsmiðstöðvar opnar á föstudagskvöldum en þá er enginn skóli daginn eftir.

SKÓLAKÓR

Skólakórinn er fyrir alla nemendur í 1. – 3. bekk. Æfingar eru í tónmenntastofunni á mánudögum frá kl. 13:45 – 14:25. Kórinn mun m.a. koma fram á Syngjandi jólum 7. des. í Hafnarborg, heimsækja Hrafnistu og koma fram á morgunstundum. Kórstjóri er Dína Ávarsdóttir. Hvet alla sem hafa gaman af að syngja til að koma og vera með.



Kríuási 1

221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson

skólastjóri